

Úthlutunarreglur 2019-2020

Ásamt útskýringum og dæmum

Lánasjóður íslenskra námsmanna
2019



Efnisyfirlit

I. Kafli – Lánshæft nám	4
1.1 Almenn	4
1.2 Lánshæft nám á Íslandi	6
1.3 Lánshæft nám erlendis	6
1.4 Upplýsingar um lánshæft nám	8
II. Kafli – Námsframvinda	9
2.1 Almenn	9
2.2 Lánshæfar einingar	9
2.3 Lánsréttur	10
2.4 Aukið svigrúm í námi	11
III. Kafli – Grunnframfærsla og tekjur	15
3.1 Grunnframfærsla	15
3.2 Framfærsla námsmanns	15
3.3 Tekjur	15
3.4 Hvað telst til tekna?	16
3.5 Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna	17
IV. Kafli - Lánaflokkar	18
4.1 Almennar forsendur	18
4.2 Lán með tilliti til húsnæðis	18
4.3 Viðbótarlán vegna barna	19
4.4 Lán vegna maka	20
4.5 Lán vegna skólagjalda	20
4.6 Lán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns	22
4.7 Lán vegna sjúkratrygginga	22
4.8 Vaxtastyrkur	22
4.9 Lán vegna ferðakostnaðar	23
V. Kafli – Umsóknir og útborgun lána	24
5.1 Umsóknir um námslán	24
5.2 Útborgun námslána	25
5.3 Um ábyrgðir á námslánum og réttindi og skyldur ábyrgðarmanna	26
5.4 Greiðsla félagsgjalda	28
5.5 Breytingar á aðstoð	28
5.6 Vísitandi villandi upplýsingar	29
5.7 Ofgreidd lán	29

5.8 Eftirlit með tekjum	30
5.9 Mistök sjóðsins	31
VI. Kafli – Samnorrænar reglur	32
VII. Kafli – Lokun skuldabréfs	33
7.1 Gengið frá skuldabréfi	33
7.2 Frestun á lokun skuldabréfs	33
VIII. Kafli – Lánskjör	35
8.1 Endurgreiðslur námslána	35
8.2 Vextir G-lána og verðtrygging	35
8.3 Endurgreiðslutími	36
8.4 Árleg endurgreiðsla	36
8.5 Undanþágur	37
8.6 Greitt af fleirum en einu láni	39
8.7 Innheimta lána og vanskil	39
IX. Kafli – Vafamál	40
9.1 Hlutverk stjórnar	40
9.2 Málsmeðferð	40
9.3 Rökstuðningur	40
9.4 Endurupptaka	40
9.5 Málskotsnefnd	41
X. Kafli – Gildistaka	42
Fylgiskjal I	43
Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið	43
Fylgiskjal II	46
Framfærsla erlendis skólaárið 2019 - 2020	46
Fylgiskjal III	50
Hámark skólagjaldalána og hámarkstími tungumálanáms	50
Fylgiskjal IV	53
Lán sem sjóðurinn hefur veitt	53
Skilgreiningar á helstu hugtökum	54
Helstu breytingar á úthlutunarreglum skólaársins	57
Framfærslutafla skólaárið 2019 – 2020	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Dæmi um útreikning á námsláni til námsmanns á Íslandi í fullu námi (60 ECTS-einingar) á skólaárinu 2019-2020	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Atriðisorðaskrá	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.

I. Kafli – Lánshæft nám

1.1 Almenn

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við viðurkennda skóla eða menntastofnanir sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi. Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Nám telst lánshæft ef það er skipulagt sem fullt nám í ákveðinni námsgrein í kennsluskra skóla, 60 ECTS-einingar (ECTS stendur fyrir „European Credit Transfer and Accumulation System“) eða ígildi þeirra á hverju skólaári eða a.m.k. 30 ECTS-einingar á hverju misseri í þeim tilvikum þegar námsskipulagið nær ekki yfir heilt skólaár. Skráning nemenda hjá skóla ræður því hvort námsmaður telst í lánshæfu námi eða ekki.

Heimilt er að veita námslán vegna skólagjalda, án framfærslu, til náms sem ekki er skipulagt sem 60 ECTS-eininga nám á skólaárinu, sbr. 2. mgr. Námið verður þó að vera skipulagt sem a.m.k. 45 ECTS-eininga nám á hverju skólaári, þ.e. 75% af fullu námi, sbr. gr. 2.1.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningar-samningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms sem er framhald af doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.1, telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að umsækjandi sé orðinn fjárráða á þeirri önn sem sótt er um námslán til.

1.1.1 Réttindi íslenskra námsmanna

Íslenskir ríkisborgarar eiga rétt til námslána uppfylli þeir eitt af eftirtöldum skilyrðum, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 478/2011:

1. Umsækjandi hafi haft 5 ára samfellda búsetu á Íslandi fyrir umsóknardag.
2. Umsækjandi hafi verið við launuð störf hér á landi:
 - a. síðustu 12 mánuði fyrir umsóknardag og haft samfellda búsetu á Íslandi á sama tíma eða,

- b. starfað í skemmri tíma en 12 mánuði fyrir umsóknardag og haft búsetu á Íslandi í tvö ár samanlagt á samfelldu 5 ára tímabili.
3. Hafi launað starf umsækjanda síðustu 12 mánuði fram að upphafi náms ekki verið samfelld, er þó heimilt að samþykkja umsókn í ákveðnum tilvikum sem eru tilgreind í 3. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

Að auki er stjórn sjóðsins heimilt í sérstökum tilfellum að leggja sterk tengsl umsækjanda við Ísland að jöfnu við að framangreind skilyrði séu uppfyllt.

1.1.2 Réttindi norrænna námsmanna

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlandis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda fái þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma.

1.1.3 Réttindi EES-ríkisborgara sem eru launþegar/sjálfstætt starfandi og fjölskyldumeðlima þeirra

Námsmenn, sem eru launþegar/sjálfstætt starfandi eða halda þeirri stöðu samkvæmt reglum EES-réttar og eru ríkisborgarar í EES-ríki og fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru á þeirra framfæri, eiga rétt á námslánum í samræmi við skilyrði 4. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

1.1.4 Réttindi EES-ríkisborgara annarra en sem tilgreindir eru í grein 1.1.3

Námsmenn sem eru ríkisborgarar í EES-ríki, aðrir en þeir sem tilgreindir eru í grein 1.1.3 eiga rétt á námslánum í samræmi við skilyrði 5. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

1.1.5 Réttindi annarra erlendra námsmanna

Erlundur ríkisborgari öðlast lánsrétt eins og íslenskir námsmenn á þeirri önn sem samþykkt er að veita honum íslenskan ríkisborgarétt.

Erlundur ríkisborgari, sem ekki er ríkisborgari á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), getur sótt um námslán vegna náms sem er stundað á Íslandi eða á Norðurlöndunum ef viðkomandi uppfyllir bæði eftirtalinnu skilyrða:

1. er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara sem uppfyllir skilyrði gr. 1.1.1 og
2. hefur átt lögheimili á Íslandi í að lágmarki 2 ár af síðastliðnum 5 árum áður en nám hefst.

Einstaklingar sem stjórnvöld hafa veitt alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skulu eiga rétt á námslánum til að stunda

nám á Íslandi samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna að því tilskildu að þeir séu komnir til landsins og fyrir liggja staðfesting Útlendingastofnunar á því að viðkomandi hafi verið veitt réttarstaða flóttamanns eða hafi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga.

1.2 Lánshæft nám á Íslandi

1.2.1 Háskólanám

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóla Íslands
Háskólanum á Akureyri
Háskólanum á Bifröst
Háskólanum á Hólum
Háskólanum í Reykjavík
Landbúnaðarháskóla Íslands
Listaháskóla Íslands

1.2.2 Sérnám á Íslandi

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað a.m.k. eins árs starfsnám á framhaldsskólastigi sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla og uppfyllir að auki öll eftirfarandi skilyrði:

1. Námið hafi fengið jákvæða umsögn frá viðkomandi starfsgreinaráði,
2. námið sé ekki launað samkvæmt kjarasamningi umfram grunnframfærslu námslána á Íslandi, sbr. gr. 3.1.1 og 3.2 og
3. námslok séu á þriðja hæfnisprepi og
4. sambærilegt nám sé almennt ekki í boði á háskólastigi hér á landi.

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða upp á nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft samkvæmt þessari grein.

1.3 Lánshæft nám erlendis

1.3.1 Háskólanám

Lánað er til náms við alþjóðlega viðurkennda háskóla erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.5 um lán vegna skólagjalda.

1.3.2 Sérnám

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða viðurkenndan skóla af menntamálayfirvöldum í landinu, námið sé skipulagt sem a.m.k. eins árs nám og sé nægilega veigamikilið að mati stjórnar sjóðsins hvað varðar eðli, uppbyggingu, inntökuskilyrði og starfsréttindi. Áður en ákvörðun er tekin um lánshæfi námsbrautar og/eða skóla verður umsækjandi að veita nákvæmar upplýsingar um uppbyggingu náms, m.a. fjölda ECTS-eininga (eða ígildi þeirra) og lengd náms. Gerðar eru samskonar kröfur til lánshæfs sérnáms erlendis og sérnáms innanlands, þar á meðal um að sambærilegt nám sé ekki í boði á háskólastigi á Íslandi. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað samkvæmt kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. gr. 3.1.2 og 3.2.

1.3.3 Tungumálanám sem undirbúningsnám

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms ef það er nauðsynlegur undirbúningur undir lánshæft nám í landi þar sem annað tungumál en enska og Norðurlandamál (annað en finnska) er talað.

Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á meistara- eða doktorsstigi, sbr. gr. 2.3.2 og 2.3.3, hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda meistara- eða doktorsnám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsnáms í tungumálum.

Hámarkseiningafjöldi sem veitt er lán til samkvæmt þessari grein, fer eftir viðkomandi tungumáli og er á bilinu 30-90 ECTS-eingar. Sjá nánar í fylgiskjali III.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu tungumálanámi er honum synjað um aðstoð (námslán til framfærslu/skólagjalda) jafn lengi og hann naut aðstoðar í því námi. Fáir námsmaður tungumálanámið metið til styttingar á nýju námi kemur það til styttingar á þeim tíma sem námsmaður á ekki rétt á aðstoð.

Lánshæfi undirbúningsnáms í tungumálum er háð því að um sé að ræða skipulagt nám sem talist getur nægjanlega veigamikilið að því er varðar eðli og uppbyggingu að mati stjórnar sjóðsins (a.m.k. 15 kennslustundir á viku). Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt að fullu þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í lánshæft nám í sama landi.

1.4 Upplýsingar um lánhæft nám

Á heimasíðu sjóðsins liggja fyrir leiðbeinandi upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað hefur verið til. Ef sótt er um lán í skóla eða námsbraut sem sjóðurinn hefur ekki lánað til þarf stjórn sjóðsins að meta lánhæfi námsins. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um skólann og námsbrautina.

Sjóðnum er á hverjum tíma heimilt að endurskoða hvort skólar og námsbrautir séu lánhæfar hjá sjóðnum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að óska eftir nýjum gögnum sem staðfesta að skóli eða námsbraut uppfylli kröfur sjóðsins um lánhæft nám, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda skóla. Þó að skóli eða námsbraut hafi verið metin lánhæf telst það ekki loforð eða trygging fyrir því að svo verði áfram.

II. Kafli – Námsframvinda

2.1 Almennt

Almennt telst námsmaður í fullu námi ljúki hann 60 ECTS–einingum eða ígildi þeirra á skólaári í einum námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Veitt er að hámarki lán fyrir 30 ECTS-einingum á hverju misseri eða 20 ECTS-einingum á hverjum fjórðungi. Á sumarönn er veitt lán fyrir að hámarki 20 ECTS-einingum. Aldrei er veitt meira lán en fyrir 80 ECTS-einingum á hverju námsári. Framfærslulán fyrir 80 ECTS-einingum miðast við framfærslu námsmanns í 12 mánuði á ári.

Hámarksfjöldi eininga sem lánað er fyrir á einstökum námsbrautum tekur mið af fjölda eininga námsins samkvæmt skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs en metnar einingar úr fyrra námi teljast ekki til námsframvindu.

2.1.1 Sumartími

Nám á sumarönn tilheyrir undangengnu skólaári. Námsmaður þarf að ljúka að lágmarki 15 ECTS-einingum á sumarönn til að eiga rétt á sumarláni. Aldrei er veitt meira lán en sem nemur 20 ECTS-einingum á sumarönn og 80 ECTS-einingum samtals á hverju námsári. Sækja þarf sérstaklega um sumarlán. Til að eiga rétt á sérstöku skólagjaldaláni á sumarönn þarf námsmaður að ljúka a.m.k. 60 ECTS-einingum á námsárinu, sbr. gr. 4.5.

2.2 Lánshæfar einingar

Til að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að vera skráður í að lágmarki 22 ECTS-einingar til loka hvers misseris og ljúka að lágmarki 22 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á hverju misseri eða samsvarandi hlutfalli á önn í fjórðunga-skólum í einum námsferli. Einungis er heimilt að veita lán til náms í tveimur eða fleiri námsferlum á sömu önn ef námsmaður er að ljúka grunnháskólanámi og hefur fengið leyfi skóla til að hefja meistaranám í sama fagi. Sama gildir þegar námsmanni er gert af skóla að bæta við sig námskeiðum í lánshæfu grunnháskólanámi samhliða meistaranámi. Þessi heimild er háð því að námsmaður hafi ekki áður fullnýtt svigrúm sitt til námslána samkvæmt gr. 2.3.

Ljúki námsmaður 22 - 30 ECTS-einingum á misseri á hann rétt á láni vegna lokinna eininga, þ.e. allt að 30 ECTS-einingum.

Einungis er lánað einu sinni fyrir hverja lokna einingu nema í námi þar sem fjöldatakmörkanir eru, sbr. gr. 2.4.1.

Ef lánsréttur námsmanns á tilteknu námsstigi er undir lágmarks námsframvinduþrófum er heimilt að veita námsmanni lán sem nemur eftirstöðvum einingarréttar hans svo framarlega sem hann ljúki að lágmarki 22 ECTS-einingum á misseri eða samsvarandi hlutfalli á önn í fjórðungaskólum í einum námsferli.

2.3 Lánsréttur

Hver námsmaður getur fengið námslán fyrir allt að 480 ECTS-einingum samanlagt með þeim takmörkunum sem leiðir af skiptingu lánsréttar milli námsstiga. Í gr. 2.3.1 - 2.3.5 er gerð nánari grein fyrir skiptingu lánsréttar milli námsstiga.

2.3.1 Grunnám

Námsmaður á rétt á láni fyrir 180 ECTS-einingum í grunnnámi. Með grunnnámi er átt við sérnám og grunnháskólanám.

2.3.2 Meistaránám

Námsmaður á rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum í meistaránámi eða sambærilegu námi að loknu þriggja ára háskólanámi samkvæmt skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir fjögur ár. Allt að eins árs starfstengt viðbótarháskólanám sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, getur talist vera nám á meistarastigi.

2.3.3 Doktorsnám

Námsmaður á rétt á láni fyrir 60 ECTS-einingum í doktorsnámi.

2.3.4 Sameiginlegt svigrúm

Að auki á hver námsmaður rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum til viðbótar að eigin vali á grunn-, meistara- eða doktorsstigi.

2.3.5 Gildissvið eldri reglna

Námsmaður skal njóta réttar hvað varðar námslengd (skv. kafla 2.3) samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru við upphaf námsferils hans. Upphaf námsferils telst þegar námsmaður skilar lágmarks námsárangri í námsferli og er með umsókn hjá sjóðnum á sama námsári. Heimild þessi fellur niður ef námsmaður hefur nýjan námsferil eða gerir lengra hlé en eitt ár frá námi. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

2.4 Aukið svigrúm í námi

Þeir námsmenn sem ekki uppfylla skilyrði sjóðsins um lágmarks námsframvindu á misseri eða önn í fjórðungaskólum, sbr. gr. 2.2, geta sótt um undanþágu vegna aðstæðna sem tilgreindar eru í gr. 2.4.1 - 2.4.7. Í þeim tilfellum sem undanþágur eru samþykktar á grundvelli gr. 2.4.1 - 2.4.6 miðast lánsréttur við lágmarks einingafjölda, þ.e. 22 ECTS-einingar á misseri í misseraskólum eða 15 ECTS-einingar á önn í fjórðungaskólum. Þær einingar sem nemandi fær vegna aukins svigrúms í námi dragast frá einingarrétti námsmanns, sbr. gr. 2.3.

Þar sem kveðið er á um afhendingu læknisvottorðs í þessum kafla áskilur sjóðurinn sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent vottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn um aukið svigrúm í námi hafi ekki verið skilað.

2.4.1 Almennt

Námsmaður sem lýkur fleiri en 30 ECTS-einingum á misseri á rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama námsárs eða flytja umfram-einingarnar á síðari námsár í sama námsferli svo framarlega sem lágmarks árangri sé náð á því misseri, sbr. gr. 2.2. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Að loknu skólaári (haust- eða vormisseri í misseraskólum og haust-, vetrar- eða vorönn í fjórðungaskólum) skal námsárangur gerður upp. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður lýkur ekki lágmarks námsárangri á hverju misseri eða önn er heimilt að taka tillit til heildarnámsárangurs skólaársins og veita lán á einstökum misserum/önnum í samræmi við einingaskil ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Námsmaður hefur sótt um lán fyrir öllum misserum eða önnum skólaársins.
2. Samanlagður námsárangur skólaársins er að lágmarki 44 ECTS-einingar í misseraskólum eða samsvarandi hlutfall í fjórðungaskóla.
3. Námsmaður hafi verið skráður í að minnsta kosti 22 ECTS-eininga nám á hverju misseri eða samsvarandi hlutfall í fjórðungaskólum til loka annar.

Aldrei er veitt meira lán en sem nemur 30 ECTS-einingum á einu misseri eða 20 ECTS-einingum á önn í fjórðungaskóla.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka telst hann skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til og skal skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en

lánsréttur hans er metinn. Einingaskuld sem er orðin meira en tíu ára gömul skal þó ekki meðtalin. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi samkvæmt reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni, sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmarkanir, lán til þess að endurtaka misserið einu sinni.

Ef námsmaður hefur fengið lán í skiptinámi erlendis (t.d. Erasmus eða Nordplus) og einingarnar í skiptináminu nýtast ekki að fullu til lokaprófs, er heimilt á lokaönn námsins að veita undanþágu frá gr. 2.1 og samþykkja lán fyrir viðbótareiningum umfram hámarkseiningafjölda námsins samkvæmt skipulagi skóla. Þessi undanþága heimilar að veitt sé lán fyrir 22 ECTS-einingum í misseraskóla og 15 ECTS-einingum á einni önn í fjórðungaskóla, ljúki námsmaður að lágmarki þeim einingafjölda.

2.4.2 Mat á ástundun

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmaður tekur einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu. Heimilt er að veita lán út á 30 ECTS-einingar ef skýrt kemur fram í vottorði að viðkomandi hafi stundað fullt nám. Þegar niðurstaða námsársins liggur fyrir er námsframvindan endurmetin. Komi þá í ljós að námsframvinda er ekki fullnægjandi á námsárinu er framfærslulán vormisseris **ekki** afgreitt og fyrirframgreidd skólagjaldalán vegna vormisseris endurkrafín sem ofgreidd lán, sbr. gr. 5.7.

Sé námsmaður að ljúka námi er **ekki** heimilt að afgreiða lán að fullu á námsárinu fyrr en staðfesting á námslokum liggur fyrir.

2.4.3 Veikindi

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi samkvæmt þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður veikist verulega á námstíma. Er þá heimilt að bæta allt að 6 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þannig að lánsréttur miðist við lágmarks einingafjölda, sbr. gr. 2.4. Veikist námsmaður á seinni hluta annar eða í prófum er heimilt að bæta allt að 22 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þannig að lánsréttur miðist við lágmarks einingafjölda, sbr. gr. 2.4. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður verður að hverfa frá námi vegna veikinda er heimilt að veita hlutfallslegt lán fyrir þann tíma sem námsmaður stundaði nám og staðfestur er af skólaýfirvöldum, að hámarki 22 ECTS-einingar í misseraskólum og sam-

svarandi hlutfall í fjórðungaskólum. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður hefur greitt skólagjöld fyrir tímabilið og fær þau ekki endurgreidd frá skóla (staðfest af umræddum skóla), verður hann ekki endurkrafinn um skólagjalda-lánið eins og um ofgreidd lán hefði verið að ræða. Hámarkssvigrúm eykst **ekki** að jafnaði vegna þessa.

Undanþága þessi getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka, barns eða foreldra námsmanns hafa kallað á innlögn á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda námsmanns er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma vitjað var lækni og á hvaða tímabili námsmaður var óvinnufær vegna veikinda að mati lækni. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda maka, barns eða foreldra er að læknisvottorði sé framvísað þar sem greinilega komi fram hvenær lækni var vitjað, að um veruleg veikindi hafi verið að ræða og hvenær umönnunar var þörf. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts nánustu aðstandenda við mat á námsframvindu. Til nánustu aðstandenda samkvæmt þessari reglu skulu t.a.m. teljast maki, börn og foreldrar námsmanns, systkini námsmanns og börn þeirra.

Námsmaður sem hefur fengið undanþágu vegna veikinda en skilað minna en 16 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum á **ekki** rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka framangreindum 16 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum.

2.4.4 Barneignir

Almennt skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi samkvæmt þessari grein er að hann hafi skilað fullnægjandi námsárangri í lánshæfu námi á einu misseri síðustu 12 mánuði áður en hann þarf á svigrúminu að halda eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri á eftir.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 16 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þegar lán til hans er reiknað og miðast þá lánsréttur hans við lágmarks einingafjölda, sbr. gr. 2.4. Hámarkssvigrúm eykst **ekki** vegna þessa. Móðir getur þó átt rétt á auknu svigrúmi allt að 3 mánuðum fyrir fæðingu barns vegna veikinda á meðgöngu. Fæðingarvottorð/læknisvottorð þarf að liggja fyrir í slíku tilvik. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm fram að 12 mánaða aldri barns.

Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á náms-tíma. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm beggja foreldra vegna barneignar

ekki vera hærra en 16 ECTS-einingar í misseraskólum og samsvarandi hlutfall í fjórðungaskólum.

2.4.5 Örorka

Geti námsmaður vegna örorku sinnar ekki skilað lágmarks námsárangri, sbr. gr. 2.2. er heimilt að bæta allt að 13 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar og miðast þá lánsréttur hans við lágmarks einingafjölda, sbr. gr. 2.4.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggi mat læknis á að læknisfræðileg örorka viðkomandi sé a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til sjóðsins. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð.

2.4.6 Lesblinda og aðrir sértækir námsörðugleikar

Geti námsmaður vegna lesblindu eða annarra sértækra námsörðugleika ekki skilað lágmarks námsárangri, sbr. gr. 2.2 er heimilt að bæta allt að 13 ECTS-einingum í misseraskólum eða samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar og miðast þá lánsréttur hans við lágmarks einingafjölda, sbr. gr. 2.4.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggi staðfest vottorð/greining um námsörðugleika sem staðfestir að námsmaður geti ekki skilað lágmarks námsárangri vegna lesblindu eða annarra sértækra námsörðugleika að teknu tilliti til þess svigrúms sem skóli veitir viðkomandi námsmanni til ástundunar náms, próftöku o.s.frv. Þá skal einnig fylgja staðfesting skóla sama efnis. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til sjóðsins.

2.4.7 Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok

Námsmaður sem á einungis kost á því að stunda nám í 10 ECTS-eininga eða 20 ECTS-eininga áföngum á tiltekinni önn, getur fengið lán í hlutfalli við loknar einingar svo fremi sem hann ljúki að minnsta kosti 20 ECTS-einingum. Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður sé skráður í fullt nám (30 ECTS-einingar) til loka annar.

Námsmaður sem á eftir minna en sem nemur 22 ECTS-einingum af einu misseri á lokamisseri í námi getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann á ólokið, enda séu einingaskil **ekki** undir 12 ECTS-einingum.

Námsmaður sem **ekki** getur lokið 22 ECTS-einingum á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil ekki undir 15 ECTS-einingum.

III. Kafli – Grunnframfærsla og tekjur

3.1 Grunnframfærsla

3.1.1 Grunnframfærsla á Íslandi

Grunnframfærsla á námstíma á skólaárinu er miðuð við námsmann í fullu námi (60 ECTS-einingar á skólaárinu) og er sett fram í fylgiskjali I.

3.1.2 Grunnframfærsla í útlöndum

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma á skólaárinu er miðuð við landið/borgina þar sem skólinn er staðsettur samkvæmt þeirri ákvörðun sem felst í fylgiskjali II og miðast við námsmann í fullu námi (60 ECTS-einingar á skólaárinu).

3.1.3 Grunnframfærsla skiptinema

Skiptinemar geta óskað eftir að grunnframfærsla þeirra taki mið af framfærslu í því landi þar sem skiptinámið er stundað og miðast útreikningar á framfærslu í nýju landi við gengi 1. apríl 2019. Þessi regla á **ekki** við um Erasmus- og Nordplus-styrkþega og aðra skiptinema sem njóta sambærilegra styrkja meðan á skiptináminu stendur.

3.1.4 Grunnframfærsla fjarnámsnema

Grunnframfærsla fjarnámsnema miðast við grunnframfærslu á Íslandi. Sama gildir varðandi viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar, sbr. gr. 4.2.

3.2 Framfærsla námsmanns

Auk grunnframfærslu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru í gr. 4.2 – 4.6 áhrif á framfærslu námsmanns. Tekið er tillit til framfærslu barna yngri en 18 ára sem eru á framfæri námsmanns. Lán samkvæmt gr. 4.7 – 4.9 eru til viðbótar lánunum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta komið til frádráttar á þessum lánunum samkvæmt ákvæðum gr. 3.3.

3.3 Tekjur

3.3.1 Tekjur

Tekjur námsmanns og maka (ef sótt er um makalán) á árinu 2019, eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á skólaárinu. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirlærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 1. apríl 2019.

45% tekna námsmanns á árinu 2019 umfram 1.330.000 kr. koma til frádráttar á námsláni. Í þeim tilfellum þegar veitt eru makalán koma 45% sameiginlegra tekna hjóna/einstaklinga í skráðri sambúð á árinu 2019 umfram 1.995.000 kr. til frádráttar á námsláni. Frádrætti vegna tekna skal að jafnaði dreift jafnt á 60 ECTS-einingar.

3.3.2 Komið úr námshléi

Heimilt er að þrefalda frítekjumark námsmanns sem kemur af **atvinnumarkaði**, sbr. gr. 3.3.1, enda liggja fyrir að hann hafi ekki stundað nám s.l. 6 mánuði. LÍN áskilur sér rétt til að óska eftir gögnum því til staðfestingar.

3.3.3 Tekjuáætlun - skattframtal

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður skila inn upplýsingum um áætlaðar tekjur á árinu 2019.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á vormisseri skulu sjóðnum berast staðfestar skattframtalsupplýsingar vegna tekna á árinu 2019.

3.3.4 Endanlegt tekjutillit

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir álagningu skattayfirvalda. Séu tekjur lánþega þá áætlaðar skal sjóðurinn ákvarða honum námsaðstoð í samræmi við áætlunina. Ákvörðunin er endanleg nema lánþegi geri athugasemd við hana innan 30 daga frá því lánþega var kynnt ákvörðunin. Skal þá heimilt að endurskoða hana í samræmi við nýjar tekjuupplýsingar staðfestar af skattayfirvöldum.

3.3.5 Ófullnægjandi tekjuáætlun

Stjórn sjóðsins getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.4 Hvað telst til tekna?

3.4.1 Tekjur á árinu 2019

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2019 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt gr. 3.3.

3.4.2. Námsstyrkir

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. gr. 4.5.

3.4.3 Sérstakir námsstyrkir

Styrkir sem veittir eru á vegum Nordplus og Erasmus og annarra sambærilegra skiptinemasamtaka koma ekki til frádráttar á námsláni, sbr. grein 3.3.1.

3.4.4 Frádráttur frá tekjum

Til frádráttar tekjum koma:

1. Skólagjöld sem námsmaður fær ekki lánað fyrir vegna þess að hann hefur fullnýtt skólagjaldarétt sinn skv. gr. 4.5 og
2. föst afborgun námsláns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

3.5 Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp samkvæmt beiðni sjóðsins.

IV. Kafli - Lánaflokkar

4.1 Almennar forsendur

Lán taka almennt mið af aðstæðum, fjölskyldustærð og búsetu, eins og þær eru skráðar í Þjóðskrá 1. september ár hvert. Ef aðstæður breytast á skólaárinu eftir 1. september er þó tekið tillit til þess við ákvörðun lána samkvæmt gr. 4.2 - 4.4 og 4.9 og mun það leiða til hækkunar eða lækkunar á þeim lið eins og við á.

4.2 Lán með tilliti til húsnæðis

Námsmenn sem uppfylla skilyrði sjóðsins til þess að fá lán til framfærslu eiga rétt á láni sem nemur grunnframfærslu sbr. gr. 3.1. Námsmenn geta einnig átt rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar ef þeir búa í leigu- eða eigin húsnæði. Sé óskað eftir slíku viðbótarláni skal námsmaður sanna eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðslumiða til skattayfirvalda eða staðfesta íbúðareign með vottorði frá Þjóðskrá/Þinglýsingarvottorði.

Námsmenn sem **ekki** búa í leigu- eða eigin húsnæði eiga **ekki** rétt á viðbótarframfærslu vegna húsnæðiskostnaðar, sbr. gr. 4.2.1 - 4.2.3.

Fjárhæð viðbótarláns vegna húsnæðiskostnaðar tekur mið af fjölskyldu- aðstæðum námsmanns, það er hjúskaparstöðu og fjölda barna á heimili. Þær fjárhæðir sem um ræðir eru nánar tilgreindar í fylgiskjali I vegna náms á Íslandi og fylgiskjali II vegna náms erlendis.

4.2.1 Einstaklingar sem búa í leigu- eða eigin húsnæði

Einstaklingur, sem býr einn í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 11.291 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

4.2.2 Sambúðarfólk sem býr í leigu- eða eigin húsnæði

Námsmaður í hjónabandi eða skráðri sambúð sem býr í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 7.979 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

4.2.3 Foreldrar sem búa í leigu- eða eigin húsnæði

a. Námsmaður í sambúð sem býr í leigu- eða eigin húsnæði

Námsmaður í hjónabandi eða skráðri sambúð sem er með **eitt barn** á framfæri og býr í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 9.334 á hverja ECTS-einingu vegna

náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

Námsmaður í hjónabandi eða skráðri sambúð sem er með **tvö börn eða fleiri** á framfæri og býr í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 10.087 á hverja ECTS -einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

b. Einstætt foreldri sem býr í leigu- eða eigin húsnæði

Einstætt foreldri með **eitt barn** á framfæri, sem býr í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 18.668 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

Einstætt foreldri með **tvö börn eða fleiri** á framfæri, sem býr í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 20.175 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

Til þess að fá viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar samkvæmt a) og b) lið í þessari grein þarf námsmaður að uppfylla það skilyrði að fara með forsjá barns (alfarið eða sameiginlega).

4.2.4 Námsmenn sem búa hjá efnalitlum foreldrum/foreldri

Heimilt er að veita námsmanni sem býr í foreldrahúsum, viðbótarlán vegna húsnæðis eins og hann væri í leigu- eða eigin húsnæði, ef tekjur foreldra eða foreldris og sambúðaraðila foreldris, ef því er að skipta, eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til kr. 4.236.000 hjá einstæðu foreldri eða kr. 8.472.000 hjá hjónum eða sambúðarfólki sbr. grein 4.2.2.

4.3 Viðbótarlán vegna barna

Námsmaður getur átt rétt á viðbótarláni vegna framfærslu barna undir 18 ára aldri. Fjárhæð viðbótarláns fyrir hvert barn á framfæri námsmanns er kr 5.340 fyrir hverja lokna ECTS-einingu.

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna meðlags sem hann greiðir svo sannanlegt sé vegna barna undir 18 ára aldri. Fjárhæð viðbótarláns vegna meðlags er kr. 5.340 fyrir hverja lokna ECTS-einingu fyrir hvert barn sem námsmaður sannanlega greiðir meðlag með.

Námsmaður fær **ekki** viðbótarlán með barni/börnum nema hann fari með forsjá barns eða að hann greiði meðlag með barni. **Ekki** er heimilt að greiða

bæði viðbótarlán vegna framfærslu og viðbótarlán vegna meðlags til sama námsmanns vegna sama barns.

4.4 Lán vegna maka

Aðstæður sem geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi /skráðri sambúð hækkar vegna maka eru m.a. eftirfarandi:

1. Veikindi eða örorka maka samkvæmt læknisvottorði sem sýnir fram á að maki sé óvinnufær með öllu.
2. Námsmaður og maki hafa langveikt eða fatlað barn á framfæri sínu og maki starfar ekki utan heimilis vegna umönnunar barnsins. Skilyrði er að barnið hafi lögheimili hjá námsmanni og maka og að læknisvottorði sé framvísað.
3. Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki á ekki rétt á atvinnuleyfi í námslandinu. Þeir námsmenn sem fengu makalán skólaárið 2009-2010 og stunda áfram nám í sama námsferli á skólaárinu eiga áfram rétt á að sækja um makalán.

Ef veitt er lán vegna maka, bætist við 50% af grunnframfærslu námsmanns, viðbótarframfærslu vegna búsetu og viðbótarframfærslu barna. Tekjur maka koma til frádráttar á láninu, sbr. gr. 3.3.1 og 3.3.2.

Ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á sömu önn.

Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar **ekki** veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi **ekki** verið skilað.

4.5 Lán vegna skólagjalda

Lán vegna skólagjalda að frádregnum óskattskyldum skólagjaldastyrk eru veitt til grunnnáms (til grunnnáms telst sérnám og grunnháskólanám), meistaranáms og doktorsnáms, sbr. gr. 2.3. Samanlögð heildarupphæð sem hægt er að fá til skólagjaldalána í öllum námsferlum er kr. 3.500.000 vegna náms á Íslandi. Samanlögð heildarupphæð skólagjaldalána vegna náms erlendis er tilgreind í fylgiskjali III eftir námslöndum.

Ef nám er skipulagt líkt og læknisfræðinám, þ.e. samfellt nám lengra en 5 ár, er heimilt að bæta við framangreint skólagjaldahámark á 5. ári náms til ráðstöfunar á 5. eða 6. námsári, allt að kr. 1.500.000 eða ígildi þess í erlendri mynt miðað við gengi 1. apríl 2019.

Fyrir þá sem stunda grunnnám gildir að aldrei er veitt hærra skólagjaldalán á hverju námsári en sem nemur 1/3 af heildarupphæð til skólagjaldalána í námslandinu. Árlegt hámarkslán til skólagjalda í grunnnámi á Íslandi er því kr. 1.166.667 og í grunnnámi erlendis sama hlutfall (1/3) af heildarupphæð til skólagjaldalána eins og tilgreint er í fylgiskjali III.

Ef lánþegi skiptir um námsland, er reiknað út hversu hátt hlutfall hann hafði áður nýtt sér af skólagjaldahámarki fyrra námslands og það hlutfall notað áfram í næsta námslandi þegar svigrúm fyrir frekara skólagjaldaláni er fundið.

Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram kr. 75.000 sem námsmaður greiðir svo sannanlegt sé. Eftirfarandi kostnaður er **ekki** innifalinn í skólagjöldum; námsferðir eða aðrar ferðir, gisting, fæði, tölvu- eða annar tækjabúnaður, efnis- eða bókakostnaður eða annar sambærilegur kostnaður. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir sundurliðun skólagjalda og þar sem við á draga frá skólagjaldaláninu allan framangreindan kostnað áður en skólagjaldalán er afgreitt.

Einungis er heimilt að veita skólagjaldalán fyrir námi í einum námsferli á hverju misseri eða /önn námsársins. Ennfremur er almennt **ekki** heimilt að veita skólagjaldalán vegna námskeiða sem tekin eru utan námsbrautar í námi sem LÍN hefur ekki viðurkennt sem lánshæft.

Námsmaður verður að skila lánshæfum námsárangri, sbr. gr. 2.2, til að eiga rétt á skólagjaldaláni á námstímanum. Skólagjaldalán eru veitt fyrir hvert misseri/fjórðung námsársins þegar sjóðnum hefur borist staðfesting á að námsmaður hafi lokið lánshæfum námsárangri.

Heimilt er að greiða út lán vegna skólagjalda í upphafi annar/misseris til annarra námsmanna en fyrsta árs nema. Aldrei er greitt út hærra skólagjaldahlutfall fyrirfram við upphaf misseris en sem nemur fullu námi (30 ECTS-einingar) á því misseri, en heimilt að endurskoða það þegar námsframvinda liggur fyrir og uppgjör láns á því misseri/önn stendur yfir.

Sömu reglur gilda um lánsrétt milli námsstiga og hvernig lánseiningar dragast frá einingarétti, sbr. gr. 2.3, þó svo námsmaður þiggi eingöngu námslán fyrir skólagjöldum.

Vakin er athygli á því að tekjur námsmanns geta haft áhrif á upphæð skólagjaldalána, sbr. gr. 3.3 og 3.4. Þá er einnig vakin athygli á því að nemandi verður að eiga lánsrétt á því námsstigi sem hann stundar nám á til þess að eiga rétt á skólagjaldaláni.

4.6 Lán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns

Heimilt er að veita námsmanni aukalán sem samsvarar framfærslu fyrir allt að 7 ECTS-einingum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar verði ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti. Á þetta t.d. við þegar námsmanni verður, vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum, illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýtri lánsheimild. Hafa skal hliðsjón af þeim bótum sem námsmaður fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

Heimilt er samkvæmt þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts nánustu aðstandenda. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu aðstandenda skulu t.a.m. teljast maki, börn og foreldrar námsmanns, systkini námsmanns og börn þeirra. Ef slíkt aukalán er veitt greiðist það út með framfærsluláni, sbr. gr. 5.2.1.

4.7 Lán vegna sjúkratrygginga

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um lán til að mæta þeim kostnaði. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af grunnframfærslu að teknu tilliti til fjölskyldustærðar og búsetu, en þó að hámarki kr. 350.000 á námsárinu. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ung-barnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kys, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

4.8 Vaxtastyrkur

Við útborgun lána fyrir framfærslukostnaði skal greiða kr. 290 í vaxtastyrk fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er. Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

4.9 Lán vegna ferðakostnaðar

4.9.1 Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna

Lán vegna ferðakostnaðar miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður **ekki** rétt á viðbótarláni vegna ferða maka og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.9.2 og gr. 4.9.3.

4.9.2 Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis

Ferðalán vegna náms erlendis ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð kr. 45.000, en kr. 50.000 vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, kr. 65.000 í Norður- Ameríku og kr. 105.000 vegna námsmanns og maka annars staðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum fjárhæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja til ellefu ára og 100% vegna barna sem eru tólf ára og eldri. Ekki er skilyrði að námsmaður framvísi gögnum vegna ferðar. Nordplus-, Erasmus- og aðrir skiptinemar sem njóta sambærilegra styrkja í námi sínu eiga **ekki** rétt á ferðaláni frá LÍN.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 1. apríl 2019.

Einungis er veitt lán vegna ferðakostnaðar einu sinni á hverju námsstigi.

4.9.3 Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi

Ferðalán vegna náms á Íslandi ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna einstaklings og maka kr. 20.000, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til ellefu ára og 100% vegna barna sem eru tólf ára og eldri. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgar-svæðinu eða öðru skólasvæði. Ekki er skilyrði að námsmaður framvísi gögnum vegna ferðar.

Einungis er veitt lán vegna ferðakostnaðar einu sinni á hverju námsstigi, sbr. gr. 2.3.

4.9.4 Greiðslutími ferðalána

Ferðalán greiðist út með framfærsluláni til þeirra sem hafa uppfyllt skilyrði sjóðsins um lágmarks námsframvindu, sbr. gr. 2.2.

V. Kafli – Umsóknir og útborgun lána

5.1 Umsóknir um námslán

5.1.1 Rafrænar umsóknir

Sótt er um námslán rafrænt í gegnum „Mitt LÍN“ sem aðgengilegt er á heimasíðu sjóðsins www.lin.is eða í gegnum island.is.

5.1.2 Umsóknir og gildistími

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Umsóknarfrestir eru eftirfarandi:

Haut 2019:	Til og með 15. nóvember 2019.
Vor 2020:	Til og með 15. apríl 2020.
Sumar 2020:	Til og með 15. júlí 2020.

5.1.3 Fylgiskjöl og skilafrestur

Fylgiskjöl sem námsmanni ber að skila vegna umsókna eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur.

5.1.4 Lánsáætlun

Á grundvelli upplýsinga námsmanns, m.a. um tekjur og fjölskylduhagi, fær hann útfyllta lánsáætlun frá sjóðnum. Eftir yfirferð lánsáætlunar ber námsmanni að láta sjóðinn vita ef þær upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar reynast rangar.

Komi í ljós að lánsáætlun byggji á röngum upplýsingum, mistökum eða á röngum forsendum miðað við gildandi úthlutunarreglur þess námsárs sem sótt er um lán fyrir þá breytist lánsáætlunin til samræmis við þær reglur.

5.1.5 Umboðsmaður

Námsmaður erlendis skal hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. hefur umboð til undirritunar skuldabréfs fyrir hans hönd. Námsmaður ber ábyrgð á að LÍN hafi rétt heimilisfang og netfang umboðsmanns.

Samskipti við umboðsmann jafngilda samskiptum við námsmann hvort sem það er í formi tölvupósts, samtala eða bréfasendinga. Umboðsmaður ber því ábyrgð á að upplýsa þann námsmann sem hann hefur umboð fyrir um allar beiðnir um skil á gögnum til sjóðsins og um tilkynningar sem berast frá sjóðnum. Einnig skal hann upplýsa námsmanninn um

önnur samskipti við sjóðinn sem skipt geta máli varðandi framgang umsóknarinnar eða veitingu námslána.

5.1.6 Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla

Skilyrði sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla til þess að teljast lánshæfir sem lántakendur hjá sjóðnum er að þeir séu ekki á vanskilaskrá né í vanskilum við sjóðinn þegar sótt er um nýtt lán, bú þeirra sé ekki í gjaldþrotameðferð og hafi ekki áður verið tekið til gjaldþrotaskipta, svo og að sjóðurinn hafi ekki áður þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi.

Teljast námsmaður ekki lánshæfur samkvæmt framangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda leggi hann fram tryggingar sem sjóðurinn telur viðunandi, s.s. veð eða sjálfskuldarábyrgðir þriðja aðila. Undanþága frá ofangreindum skilyrðum er þó aldrei veitt vegna námsmanns sem er í vanskilum við sjóðinn.

5.2 Útborgun námslána

5.2.1 Útborgun námslána

Útreikningur á námsláni og útgáfa lánsáætlana vegna skólaársins hefst í byrjun ágúst 2019. Þá verða skólagjaldalán, sbr. gr. 4.5, vegna haustannar afgreidd fyrirfram til þeirra sem áður hafa lokið lánshæfum námsárangri og óskuðu eftir slíkri fyrirframgreiðslu í lánsúmsókn sinni.

Útborgun framfærslu- og ferðalána vegna haustannar og fyrirframgreiðsla skólagjalda vorannar hefst í byrjun janúar 2020 til þeirra sem uppfylla skilyrði sjóðsins um lágmarks námsframvindu á önninni, sbr. gr. 2.2. Með sömu framangreindum skilyrðum hefst útborgun framfærslulána vegna vorannar og fyrirframgreiðsla skólagjalda sumarannar í byrjun maí 2020. Útborgun framfærslulána vegna sumarannar hefst í byrjun ágúst 2020 til þeirra sem uppfylla framangreind skilyrði.

Skilyrði er að námsmaður hafi lagt fram gögn um námsárangur sinn, tekju-áætlun eða skattframtal og aðrar þær upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði á Íslandi sem skal vera á nafni námsmanns.

Síðasti dagur útborgunar vegna námsársins 2019-2020 er til og með 15. janúar 2021. Eftir þann tíma er hvorki hægt að afgreiða lán né gera athugasemdir við afgreiðslu láns á námsárinu.

Skilyrði þess að námsmaður fái lán vegna skólagjalda, sbr. gr. 4.5, greitt út fyrirfram er að hann hafi áður lokið lánshæfum námsárangri. Aldrei er greitt út hærra skólagjaldahlutfall fyrirfram við upphaf misseris/annar en sem nemur fullu námi (30 ECTS-einingar) á því misseri eða sambærilegum

einingum á önn í fjórðungaskólum. Heimilt er að endurskoða það þegar námsframvinda liggur fyrir og uppgjör láns á því misseri eða önn í fjórðungaskóla stendur yfir.

Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarks námsárangri eftir viðkomandi skólaár eru fyrirframgreidd lán vegna skólagjalda endurkræf samkvæmt reglum um ofgreidd lán.

5.2.2 Útreikningur lána erlendis

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í útreikningsmynt námslands miðað við gengi 1. apríl 2019. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi á útborgunardegi.

5.2.3 Staðfesting á tekjum

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2019 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.4 Skuldabréf og bankareikningur

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi gefið út skuldabréf í eigin nafni til tryggingar láninu. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3 Um ábyrgðir á námslánum og réttindi og skyldur ábyrgðarmanna

5.3.1 Eðli sjálfskuldarábyrgðar

Um þær ábyrgðir sem veittar hafa verið eftir gildistöku laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn gilda þau lög, auk þess sem hér kemur fram.

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á námslánaskuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda áður. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjalddaga. Þetta á þó ekki við verði lántakandi úrskurðaður gjaldþrota en þá fellur lánið allt í gjalddaga í samræmi við lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldarábyrgðarmanni án undangengings dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Tilnefnd ábyrgðarfjárhæð ábyrgðarmanns miðast við tilgreinda vísitölu og skal að jafnaði ekki vera hærri en 7,0 m.kr. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram framangreinda hámarksábyrgð vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem uppreiknuð ábyrgð hans nær 7,0 m.kr. Lágmarks ábyrgð er 100 þús.kr.

5.3.2 Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins og niðurstöðu greiðslumats og ef við á yfirlit úr vanskilaskrá.

Ábyrgðarmenn skulu vera orðnir 18 ára og fjárráða. Ábyrgðarmenn skulu ekki vera eldri en 50 ára nema um sé að ræða foreldra námsmanns. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki stjórnar sjóðsins og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaraðilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Óheimilt er að samþykkja ábyrgðarmenn fyrir námsláni sem eru á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða bú þeirra sé í, eða hafi verið tekið til gjaldþrotameðferðar. Ábyrgðarmaður skal jafnframt undirgangast mat á lánshæfi sem þarf að vera fullnægjandi að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi kann að fá til viðbótar. Eldri ábyrgð fellur **ekki** úr gildi nema að henni sé sagt upp og ný sett í staðinn með samþykki sjóðsins.

5.3.3 Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur

Séu ábyrgðarmenn fleiri en einn bera þeir óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum.

Þegar ábyrgðarhluti ábyrgðarmanna er skiptur, t.d. í þeim tilvikum sem lán hafa verið sameinuð við endurgreiðslu, getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði verði vanskil á námslánaskuld.

Á meðan lán hefur ekki verið gjaldfellt getur ábyrgðarmaður haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega til sjóðsins. Áhrif þess eru eingöngu þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Ábyrgðarmaðurinn ber engu að síður áfram ábyrgð á þeim lánum sem þegar hafa verið veitt. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

5.3.4 Veðtrygging

Óski námsmaður eftir að setja fasteign á Íslandi að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 85% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan við 85% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á verðmat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 80% af verðmati. Ekki er heimilt að setja erlenda fasteign að veði til tryggingar námsláni.

5.4 Greiðsla félagsgjalda

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn innheimtu gjalds vegna félagsaðildar að Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE). Sjóðurinn dregur félagsgjaldið af námsláninu.

5.5 Breytingar á aðstoð

5.5.1 Tilkynningaskylda námsmanns

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar

á fjárhag, heimilisfangi, netfangi, farsímanúmeri og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. Meðal annars ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða skráðrar sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um vegna umsóknar hans um námslán eða frest á lokun skuldabréfs. Að námi loknu fara öll samskipi sjóðsins við lánþega í gegnum netfang hans nema annars sé óskað af hans hálfu. Lánþegi ber ábyrgð á því að sjóðurinn hafi réttar upplýsingar um netfang hans.

5.5.2 Leiðrétting á útreikningi

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt, samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6 Vísitandi villandi upplýsingar

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur samkvæmt skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

Háttsemi sem brýtur í bága við lög, s.s. skjalafals, getur haft refsíabyrgð í för með sér.

5.7 Ofgreidd lán

5.7.1 Ofgreidd lán

Ef námsmaður fær lán án þess að hafa uppfyllt skilyrði sjóðsins eða fær greitt hærra lán en hann á rétt á, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, ófullnægjandi námsárangurs eða annarra ástæðna, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega með verðbótum frá útborgunardegi.

Hafi námsmaður sótt um námslán á næsta misseri á eftir því misseri sem ofgreiðslan tilheyrði, er sjóðnum heimilt að skuldajafna skuld vegna ofgreiðslu við óafgreitt námslán sem námsmaður á von á.

Sé ekki tækt að skuldajafna ofgreitt lán sbr. 2. mgr. þessarar greinar hefur námsmaður val um að staðgreiða ofgreiðsluna eða samþykkja sérstakt endurgreiðsluskuldabréf og skal lánstími að meginreglu til ekki

vera lengri en 15 mánuðir. Endurgreiðsluskuldabréf skulu bera vexti sem eru í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánum og leggjast vextirnir á þá fjárhæð sem námsmanni ber að endurgreiða. Fyrsti vaxtadagur er tilgreindur í skuldabréfi og tekur mið af þeim degi er skuldabréfið er útbúið hjá sjóðnum.

Frekari námsaðstoð er stöðvuð þar til ofgreitt lán hefur verið gert upp. Ofgreidd lán námsmanna erlendis eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við útborgunargengi lánsins.

5.7.2 Skuldabréf

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána skulu að jafnaði bera vexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánum og leggjast vextirnir á þá fjárhæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3 Vextir

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4 Innheimta

Ofgreitt lán kemur til innheimtu eftir að námsárangur og önnur gögn eiga að hafa borist sjóðnum. Geri námsmaður ekki upp ofgreitt lán innan tilskilins frests er skuldabréfinu lokað, sbr. gr. 7.1, og innheimta skal hið ofgreidda lán sem aukaafborgun af námsláni hans.

5.8 Eftirlit með tekjum

5.8.1 Námsmenn á Íslandi

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur samkvæmt skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.8.2 Námsmenn á Norðurlöndum

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila staðfestum upplýsingum um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „årsoppgørelse“, í Noregi „skatteoppgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skatt“.

5.8.3 Námsmenn í öðrum löndum

Sjóðurinn hefur heimild til að krefjast staðfesta tekjuupplýsinga frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.9 Mistök sjóðsins

Verði mistök við veitingu námsláns ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

VI. Kafli – Samnorrænar reglur

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð frá LÍN eru þau sem talin eru í reglum þessum auk þess sem umsækjandi eigi ekki rétt á námsaðstoð (láni eða styrk) frá öðrum norrænum lánasjóðum.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK

Styrelsen for Institutioner og Uddannelsesstøtte (SU)
Bredgade 43
DK-1260 København K
Sími: 00-45-72317900
Veffang: <http://www.su.dk/>

NOREGUR

Lånekassen - Statens lånekasse for utdanning (SLK)
P. boks 430 Alnabru
0614 Oslo
Sími: 00-47-227003000
Veffang: <http://www.lanekassen.no/>

FINNLAND

FPA - Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral
PB 228
SF-40101 Jyväskylä 10
Sími: 00-358-0206340220
Veffang: <http://www.kela.fi/>

SVÍPJÓÐ

CSN - Centrala studiestödsnämnden
Norra Tjörngatan 2-6
S-851 82 Sundsvall
Sími: 00-46-0771-276000
Veffang: <http://www.csn.se/>

VII. Kafli – Lokun skuldabréfs

7.1 Gengið frá skuldabréfi

Skuldabréfi er lokað þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er almennt miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Á það jafnt við um námsmenn sem ljúka námi og námsmenn sem hverfa frá námi án þess að ljúka því. Telst sá tímunktur námslok í skilningi laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Þegar frágangur hefst á lokun skuldabréfs skulu lántakanda og ef við á ábyrgðarmanni sendar upplýsingar um upphæð skuldabréfsins sem til stendur að loka. Ábyrgðarmaður er jafnframt upplýstur um þá fjárhæð sem hann telst ábyrgur fyrir.

Þegar skuldabréfi hefur verið lokað skulu lántakanda sendar sundurliðaðar upplýsingar um veitt lán sem tilheyra skuldabréfinu, dagsetningu lokunar og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Veittur er 14 daga frestur til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út. Upplýsingar sendar í tölvupósti á netfang sem námsmaður hefur látið sjóðnum í té teljast sendar á fullnægjandi hátt.

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir lokun skuldabréfs. Ljúki námsmaður námi á haust- eða vormisseri, miðast námslokin við 29. júní og fyrsti afborgunardagur er 30. júní tveimur árum síðar. Ef námslok eru á sumarönn sem nær fram yfir 1. júlí, miðast námslokin við 31. ágúst og fyrsti afborgunardagur er 1. mars tveimur og hálfu ári síðar. Ef námsmaður er byrjaður að greiða af eldri námslánnum og hefur nám að nýju er **ekki** veitt aftur hlé frá endurgreiðslum fyrri lána.

7.2 Frestun á lokun skuldabréfs

Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár, er heimilt að fresta frágangi á skuldabréfi ljúki námsmaður lánshæfum námsárangri á fyrstu önn eftir námshlé. Síðasti dagur til þess að sækja um frestunina er til og með 15. nóvember 2019 ef námsmaður lauk lánshæfum námsárangri á námsárinu 2018-2019 eða er skráður í lánshæft nám á haustönn 2019, sbr. gr. 2.2 um lánshæfar einingar. Skilyrði þess að námsmaður geti frestað frágangi skuldabréfs er að hann ljúki lánshæfum námsárangri á því tímabili sem frestun tekur til. Heimilt er að fresta lokun skuldabréfs að hámarki í fjögur ár frá því að fyrsta aðstoð hjá sjóðnum var veitt, stundi námsmaður áfram lánshæft nám án þess að taka námslán. Umsókn um nýtt námslán á fyrstu önn eftir árshlé frá námi er ígildi umsóknar um frestun á lokun skuldabréfs.

Sæki námsmaður um frestun á lokun skuldabréfs vegna lánshæfs náms sem hann stundaði á námsárinu 2018-2019 er síðasti frestur til þess að skila umbeðnum gögnum til og með 15. janúar 2020. Sæki námsmaður aftur á móti um frestun á lokun skuldabréfs vegna lánshæfs náms á haustönn 2019, skulu umbeðin gögn vegna umsóknarinnar berast sjóðnum eigi síðar en 15. mars 2020.

Frestun á útborgun námsláns, t.d. vegna síðbúinna skila á upplýsingum hefur **ekki** í för með sér frestun á lokun skuldabréfs.

Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt námsár er **ekki** heimilt að fresta lokun skuldabréfs. Þegar námsmaður hefur aftur nám að loknu slíku námshléi skal líta á það sem nýtt nám (nýr námsferill) og verður námsmaður að gefa út nýtt skuldabréf í eigin nafni til tryggingar nýjum lánum, sbr. grein 5.2.4. Námsmaður greiðir jafnframt afborganir af eldra skuldabréfi, sjá þó grein 8.5 um undanþágur frá afborgun.

Stjórn sjóðsins ákveður lokun skuldabréfs í vafatilfellum.

VIII. Kafli – Lánskjör

8.1 Endurgreiðslur námslána

Endurgreiðslur námslána taka mið af ákvæðum hvers skuldabréfs og þeim lögum sem í gildi voru þegar lánin voru tekin. Að öðru leyti gilda samþykktar úthlutunarreglur hverju sinni.

Fylgiskjöl vegna umsókna tengd endurgreiðslum skulu berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að greiðandi sé fallinn frá umsókn. Í þeim tilvikum sem greiðandi hefur fengið endurútreikning frá skattayfirvöldum er heimilt að taka tillit til þess endurútreiknings þótt gögn berist eftir framangreindan frest, að því gefnu að umsókn um endurútreikning berist fyrir umsóknarfrest hvers umsóknarárs, sbr. gr. 8.4.

Þeim lánþegum sem búa erlendis ber að senda sjóðnum upplýsingar um heimilisfang sitt, netfang og farsímanúmer og/eða hafa umboðsmann hér á landi sem sér um hans mál. Samskipti við umboðsmann jafngilda samskiptum við lánþega hvort sem það er í formi tölvupósts, samtala eða bréfasendinga. Umboðsmaður ber því ábyrgð á að upplýsa þann lánþega sem hann hefur umboð fyrir um allar beiðnir um skil á gögnum til sjóðsins og um tilkynningar sem berast frá sjóðnum. Einnig skal hann upplýsa lánþega um önnur samskipti við sjóðinn sem skipt geta máli.

8.2 Vextir G-lána og verðtrygging

8.2.1 Lánskjör og vextir

Lán samkvæmt lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá lokun skuldabréfs. Fáí námsmaður greitt út lán eftir lokunardag skuldabréfs, reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysliverðs. Lánþega ber að greiða 1,2% lántökugjald í hvert sinn sem lán er tekið og bera kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

8.2.2 Verðtrygging

Lán úr sjóðnum eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs og reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Eftir ákvörðun um lokun skuldabréfs er skuld uppreiknuð og grunnvísitala skuldabréfs miðuð við vísitölu neysliverðs á lokunardegi.

8.3 Endurgreiðslutími

8.3.1 Lán er afborgunarlaust í tvö ár

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir lokun skuldabréfs, sbr. gr. 7.1. Það á þó ekki við í þeim tilfellum þegar lánþegi hefur þegar hafið endurgreiðslur námsláns en fengið endurgreiðslum frestað tímabundið vegna þess að hann hefur hafið nám að nýju. Í þeim tilfellum halda afborganir eldri lána strax áfram á næsta almanaksári eftir að nýja náminu lýkur.

8.3.2 Uppgreiðsla og innborganir námslána

Lánþega er heimilt að greiða inn á eða greiða upp námslán fyrir en ákvæði skuldabréfs kveða á um án viðbótarkostnaðar.

Einstaklingur sem greiðir upp ógjaldfallið námslánaskuldabréf á rétt á uppgreiðsluafslætti sem nemur 7% af ógjaldföllnum eftirstöðvum hins uppgreidda skuldabréfs fyrir uppgreiðslu. Framangreind heimild miðast við að eftirstöðvar lánsins séu greiddar í einni greiðslu. Einstaklingar eiga **ekki** rétt á uppgreiðsluafslætti vegna uppgreiðslu námsláns nema endurgreiðsla á einu eða fleiri námslána hans sé hafin, sbr. 7. Kafli. Til þess að eiga rétt á uppgreiðsluafslætti vegna uppgjörs á láni mega ekki vera minna en 30 dagar í næsta reglulega gjalddaga lánsins. Uppgreiðsluafsláttur skal endurgreiddur til þess aðila sem greiddi upp námslánið (getur verið annar en skuldari).

Sækja þarf um uppgreiðsluafslátt innan þriggja mánaða frá því að uppgreiðsla fór fram. Að þeim tíma liðnum verður ekki veittur uppgreiðsluafsláttur.

Þrátt fyrir ákvæði í kafla X, gildistaka, um að reglur þessar gildi fyrir námsárið 2019-2020 þá tekur þetta ákvæði strax gildi við birtingu þessara úthlutunarreglna í Stjórnartíðindum.

8.4 Árleg endurgreiðsla

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. september og er háð tekjum fyrra árs.

Föst árgreiðsla reiknast eins og segir í 8. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og uppreiknast miðað við vísitölu neysluverðs 1. janúar ár hvert. Viðbótargreiðslan miðast við 3,75% af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, en með tekjustofni er átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum fjármagnstekjum, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 90/2003. Ef lánþegi er í skráðri sambúð er miðað við 50% fjármagnstekna hans og sambúðaraðilans og skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru að séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Sú fjárhæð sem þannig

fæst skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á visitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áður nefnd föst ársgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutíma ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Upplýsingar um tekjur erlendis skulu hafa borist sjóðnum fyrir 1. júlí ár hvert. Við myndun gjalddaga eru erlendar tekjur umreiknaðar í íslenskar krónur fyrir viðkomandi mynt og er miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands þess tekjuárs sem afborgun er reiknuð út frá. Geri hann það ekki, tekjur berast eftir 1. júlí ár hvert eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar en umsókn frestar ekki innheimtu á gjalddaga. Greiðsludreifing á gjalddaga lengir ekki framangreindan umsóknarfrest. Endurútreikningur fer síðan fram þegar sjóðnum hafa borist bestu fánlegar upplýsingar um tekjur greiðanda. Þegar staðfestar upplýsingar um tekjurnar liggja fyrir skulu þær sendar sjóðnum og endurútreikningurinn endurskoðaður til samræmis. Hafi tekjustofn verið of hátt áætlaður skal lánþega endurgreidd ofgreidd fjárhæð.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Hækun á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar er gjaldkræf þegar í stað ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá gjalddaga greiðslunnar.

Ef lánþegi er úrskurðaður gjaldþrota falla allar kröfur á hendur honum í gjalddaga, sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

8.5 Undanþágur

8.5.1 Undanþága vegna verulegra fjárhagsörðugleika

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti ef lánshæft nám, atvinnuleysi, óvinnufærni vegna veikinda og/eða örorku, þungunar eða umönnunar barna, umönnunar maka eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega. Almenn er miðað við að **ekki** séu veittar undanþágur ef árstekjur lánþega eru yfir kr. 4.236.000 og árstekjur hjóna/sambúðarfólks eru yfir kr. 8.472.000 vegna tekna ársins á undan.

Ef umsækjandi er ekki með skattalega heimilisfesti á Íslandi og tekjur hans eru í erlendum gjaldmiðli, skal miða við kaupgengi á gjalddaga afborgunar.

Með lánshæfu námi er átt við að nám umsækjanda uppfylli skilyrði 1. kafla úthlutunarreglna um lánshæfi náms og að námsmaður uppfylli skilyrði 2. kafla um námsframvindu.

Óvinnufær vegna örorku telst sá sem hefur rétt til örorkulífeyris samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar. Með umönnun barna og/eða maka er átt við að umönnunin hafi áhrif á möguleika umsækjanda til atvinnu.

Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. fjóra mánuði fyrir gjalddaga afborgunar.

8.5.2 Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga

Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti, ef skyndileg og veruleg breyting hefur orðið á högum lánþega þannig að útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ári gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluárinu. Heimildin miðast við að skyndileg og alvarleg veikindi, slys eða aðrar sambærilegar ástæður valdi verulegri skerðingu á ráðstöfunarfé og á möguleika til að afla tekna.

8.5.3 Sótt um undanþágu

Lánþegi sem óskar eftir undanþágu frá endurgreiðslu námssláns skal sækja um það í gegnum „Mitt LÍN“ og senda með upplýsingar sem óskað er eftir. Sækja þarf um undanþágu fyrir hvern gjalddaga fyrir sig.

Umsókn um undanþágu frá endurgreiðslu námssláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um undanþágu ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að veita undanþágu, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga um sjóðinn. Greiðsludreifing á gjalddaga lengir ekki framangreindan umsóknarfrest. Umsókn um undanþágu frestar ekki innheimtu málsins.

Ef veitt er undanþága, þá á hún einungis við þann gjalddaga sem umsóknin miðaðist við. Veitt undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur **ekki** áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi ekki verið skilað.

8.6 Greitt af fleirum en einu láni

Lánþegi sem skuldar eldri námslán en G-lán skal fyrst endurgreiða eldri lánin. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu þeirra lýkur eða á að vera lokið skal hann hefja endurgreiðslu G-lánsins.

Ef lánþegi skuldar R-lán og jafnframt V- eða S-lán skal hann fyrst greiða R-lánið. Ef lánþegi greiðir bæði af V- og S-láni dragast afborganir V-láns frá afborgunum S-lánsins.

Lánþegi sem tekið hefur tvö eða fleiri R-lán skal greiða af elsta láni sínu fyrst. Það sama gildir um lánþega sem tekið hefur tvö eða fleiri G-lán. Innheimta telst hafin á öllum lánnum innan lánaflokksins þegar greiðslur hefjast á elsta láninu, en greiðslur af nýrri lánnum frestast þar til eldri lán eru að fullu greidd.

8.7 Innheimta lána og vanskil

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, er krafan send til lögmannna í innheimtu. Ef krafa á hendur lánþega er þegar í innheimtu hjá lögmönnum fara nýjar kröfur beint í innheimtu hjá lögmönnum. Þegar afborgun er í löginheimtu ber lánþega að semja um skuld sína beint við lögmenn án milligöngu sjóðsins. Standi lánþegi ekki í skilum, er sjóðnum heimilt að gjaldfella höfuðstól lánsins og innheimta með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Þegar höfuðstóll láns sem veitt er samkvæmt lögum nr. 21/1992, er gjaldfelldur hefur sjóðurinn jafnframt heimild til að gjaldfella önnur lán í sama lánaflokki.

IX. Kafli – Vafamál

9.1 Hlutverk stjórnar

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum. Ákvörðun stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. gr. 9.5.

Ákvarðanir stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skulu rökstuddar og tilkynntar skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá mál endurupptekið, sbr. gr. 9.4, eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, sbr. gr. 9.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

9.2 Málsmeðferð

Áður en stjórn sker úr vafamáli skulu sérstakar undirnefndir skipaðar úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur til stjórnar sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar.

9.3 Rökstuðningur

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerðum, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

9.4 Endurupptaka

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og tilkynnt aðila máls, á málsaðili rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Beiðni um endurupptöku skal að jafnaði bera fram innan 3 mánaða frá tilkynningu til aðila máls um niðurstöðu stjórnar.

9.5 Málskotsnefnd

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort ákvarðanir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur á stjórnsýslustigi.

Kæra til málskotsnefndar skal berast innan 3 mánaða frá tilkynningu til aðila máls um niðurstöðu stjórnar.

X. Kafli – Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna þann 12. mars 2019. Reglurnar öðlast gildi þegar þær hafa verið staðfestar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum í samræmi við 16. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992.

Reglurnar gilda fyrir námsárið 2019-2020.

Reglurnar eru samþykktar með fyrirvara um að fullnægjandi heimildir fáist á fjárlögum vegna ársins 2020. Fáist ekki fullnægjandi heimildir á fjárlögum veita reglur þessar engin réttindi og sæta endurskoðun til samræmis við niðurstöður fjárlaga.

Fylgiskjal I

Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið

Framfærslugrunnur LÍN

Við útreikning framfærslugrunns er byggt á grunnviðmiði neysluviðmiða velferðarráðuneytisins. Húsnæðiskostnaður tekur mið af leigu á stúdentagörðunum háskólanna fyrir einstaklings-, par- og fjölskylduhúsnæði.

Húsnæðiskostnaður tekur mið af fjölskylduhögum og þannig er viðbótarkostnaði vegna búsetu námsmanna sem eru í eigin húsnæði/leiguhúsnæði skipt í sex flokka:

1. Námsmaður (einhleypur)
2. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, ekki barn á heimili
3. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með eitt barn
4. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með tvö börn eða fleiri
5. Einstætt foreldri, með eitt barn
6. Einstætt foreldri, með tvö börn eða fleiri.

Í þeim tilvikum þar sem um sambúð eða hjúskap er að ræða er gert ráð fyrir að báðir sambúðaraðilar standi jafnt að húsnæðiskostnaði. Þannig tekur framfærslan mið af raunverulegri framfærsluþörf mismunandi hópa námsmanna, þ.e. miðað við búsetuform og fjölskyldustærð.

Grunnframfærsla LÍN

	Framfærsla á skólaári (kr.)	Framfærsla á mánuði (kr.)			Framfærsla á ECTS (kr.)		
		Grunnur	Húsn.	Alls	Grunnur	Húsn.	Alls
0. Í foreldrahúsum	764.451	84.939	0	84.939	12.741	0	12.741
1. Einhleypur	1.663.254	109.530	75.276	184.806	16.430	11.291	27.721
2. Sambúð, barnlaus	1.464.534	109.530	53.196	162.726	16.430	7.979	24.409
3. Sambúð, 1 barn	1.545.804	109.530	62.226	171.756	16.430	9.334	25.764
4. Sambúð, 2 börn e.fl.	1.591.011	109.530	67.249	176.779	16.430	10.087	26.517
5. Einstæður, 1 barn	2.105.838	109.530	124.452	233.982	16.430	18.668	35.098
6. Einstæður, 2 börn e.fl.	2.196.252	109.530	134.498	244.028	16.430	20.175	36.605

Framangreindar tölur miðast við einstakling þ.e. án framfærslu barna þar sem það á við. Gert er ráð fyrir 9 mánaða skólaári.

Ráðstöfunartekjur

Námsmenn geta haft kr. 1.330.000 í árstekjur (frítækjumark) án þess að til tekjuskærðingar komi.

Eftirfarandi tafla sýnir framfærslulán á skólaári (9 mánuðir) eftir fjölskylduhögum að meðtöldu láni vegna barna þar sem við á. Lánað er kr. 35.600 á mánuði vegna barns. Einnig eru sýndar ráðstöfunartekjur sömu námsmannahópa miðað við þær forsendur að námsmaður afli sér kr. 1.330.000 tekna á árinu til viðbótar námsláni.

	Framfærsla (kr.) á skólaári *	Ráðstöfunartekjur (kr.) **	
		á ári (12 mán)	á mánuði
Í foreldrahúsum	764.451	2.094.451	174.538
Einhleypur	1.663.254	2.993.254	249.438
Sambúð, barnlaus	1.464.534	2.794.534	232.878
Sambúð, 1 barn	1.866.204	3.196.204	266.350
Sambúð, 2 börn	2.231.811	3.561.811	296.818
Einstæður, 1 barn	2.426.238	3.756.238	313.020
Einstæður, 2 börn	2.837.052	4.167.052	347.254

(*) Gert er ráð fyrir 9 mánaða skólaári.

(**) Útreikningur á ráðstöfunartekjum námsmanns eftir fjölskyldustöðu miðast við fulla framfærslu á skólaári og 1.330.000 kr. sumartekjur.

Fylgiskjal II

Framfærsla erlendis skólaárið 2019 - 2020

Neðangreind tafla miðar við húsnæðiskostnað einstaklings í leiguhúsnæði. Fyrir aðra gildir að húsnæðiskostnaður tekur mið af fjölskylduhögum sbr. eftirfarandi:

<u>Húsnæði</u>	<u>Hlutfall</u>	<u>Húsnæði</u>	<u>Hlutfall</u>
Námsmaður	100%	Sambúð/hjúskapur 2 börn eða fl.	89%
Sambúð/hjúskapur	71%	Einstæður, 1 barn	165%
Sambúð/hjúskapur, 1 barn	83%	Einstæður, 2 börn eða fleri	179%

Neðangreind tafla sýnir annars vegar framfærslu á mánuði og hins vegar framfærslu á ECTS-einingu.

Land	Mynt	Framfærsla			Matur	Hús-	Framf.	Barnalán
		Matur	Húsn.	Framf.	o.fl.	næði	alls	
		o.fl.	kostn.	alls	(ECTS)	(ECTS)	(ECTS)	(ECTS)
Austurríki	EUR	635	449	1.084	95	67	162	42
Ástralía	AUD	1.172	950	2.122	176	143	319	67
Bandaríkin A	USD	1.258	1.098	2.356	189	165	354	52
Bandaríkin B	USD	842	796	1.638	126	119	245	52
Belgía	EUR	593	632	1.225	89	95	184	42
Bosnía	EUR	540	180	720	81	27	108	42
Brasilía	USD	336	651	987	50	98	148	52
Búlgaría	EUR	260	127	387	39	19	58	42
Danmörk	DKK	4.139	2.682	6.821	621	402	1.023	311
Kaupmannahöfn	DKK	5.041	4.727	9.768	756	709	1.465	311
Eistland	EUR	397	286	683	60	43	103	42
Ekvador	USD	260	827	1.087	39	124	163	52
England	GBP	613	527	1.140	92	79	171	37
London	GBP	698	632	1.330	105	95	200	37
Filippseyjar	USD	247	280	527	37	42	79	52
Finnland	EUR	522	406	928	78	61	139	42
Frakkland	EUR	529	485	1.014	79	73	152	42
París	EUR	639	692	1.331	96	104	200	42
Grikkland	EUR	293	335	628	44	50	94	42
Holland	EUR	606	511	1.117	91	77	168	42
Íran	USD	470	467	937	71	70	141	52
Írská lýðveldið	EUR	794	673	1.467	119	101	220	42
Ísrael	EUR	647	755	1.402	97	113	210	42
Ítalía	EUR	603	766	1.369	90	115	205	42
Róm	EUR	907	776	1.684	136	116	252	42

Japan	JPY	97.362	62.844	160.206	14.604	9.427	24.031	5.493
Kanada A	CAD	692	1.030	1.722	104	155	259	67
Kanada B	CAD	390	847	1.237	59	127	186	67
Kína	USD	427	547	974	64	82	146	52
Kosta Ríka	USD	1.083	619	1.702	162	93	255	52
Kósóvó	EUR	660	395	1.055	99	59	158	42
Króatía	EUR	335	221	556	50	33	83	42
Kýpur	EUR	533	300	833	80	45	125	42
Lettland	EUR	668	339	1.007	100	51	151	42
Litháen	EUR	436	112	548	65	17	82	42
Lúxemborg	EUR	572	529	1.101	86	79	165	42
Malasía	USD	573	253	826	86	38	124	52
Malta	EUR	645	328	973	97	49	146	42
Mexíkó	USD	300	587	887	45	88	133	52
Mónakó	EUR	362	1.126	1.488	54	169	223	42
Norður-Írland	GBP	730	530	1.260	110	80	190	37
Noregur	NOK	7.324	4.349	11.673	1.099	652	1.751	405
Nýja-Sjáland	AUD	729	790	1.519	109	119	228	67
Perú	USD	545	763	1.308	82	114	196	52
Portúgal	EUR	340	354	694	51	53	104	42
Pólland	EUR	487	200	687	73	30	103	42
Rúmenía	EUR	149	174	323	23	26	49	42
Rússland	EUR	593	260	853	89	39	128	42
Sam. Arab. furstad	USD	1.054	1.480	2.534	158	222	380	52
Serbía	EUR	486	227	713	73	34	107	42
Singapúr	USD	560	580	1.140	84	87	171	52
Síle	USD	1.086	527	1.613	163	79	242	52
Skotland	GBP	473	467	940	71	70	141	37
Slóvakía	EUR	415	359	774	62	54	116	42
Slóvenía	EUR	307	225	532	46	34	80	42
Spánn	EUR	558	428	986	84	64	148	42

Suður-Kórea	USD	693	560	1.253	104	84	188	52
Sviss	CHF	1.200	767	1.967	180	115	295	49
Svíþjóð	SEK	5.136	3.986	9.122	770	598	1.368	429
Tékkland	EUR	454	393	847	68	59	127	42
Tyrkland	EUR	305	431	736	46	65	111	42
Tæland	EUR	653	554	1.207	98	83	181	42
Ungverjaland	EUR	770	412	1.182	116	62	178	42
Wales	GBP	365	454	819	55	68	123	37
Pýskaland	EUR	357	620	977	54	93	147	42

Fylgiskjal III

Hámark skólagjaldalána og hámarkstími tungumálanáms

Hámark skólagjalda og tungumálanáms			
Land	Mynt	Hámark skólagjaldalána	Hámarkstími tungumálanáms
Danmörk	DKK	295.000	
Finnland	EUR	40.000	1 námsár
Noregur	NOK	301.000	
Svíþjóð	SEK	359.000	
Austurríki	EUR	40.000	0,5 námsár
Belgía	EUR	40.000	0,5 námsár
Bosnia	EUR	40.000	1 námsár
Búlgaría	EUR	40.000	1 námsár
Eistland	EUR	40.000	1 námsár
England	GBP	27.400	
Norður-Írland	GBP	27.400	
Skotland	GBP	27.400	
Wales	GBP	27.400	
Frakkland	EUR	40.000	0,5 námsár
Grikkland	EUR	40.000	1 námsár
Holland	EUR	40.000	1 námsár
Írska lýðveldið	EUR	40.000	
Ítalía	EUR	40.000	0,5 námsár
Kósóvó	EUR	40.000	1 námsár
Króatía	EUR	40.000	1 námsár
Kýpur	EUR	40.000	1 námsár
Lettland	EUR	40.000	1 námsár
Litháen	EUR	40.000	0,5 námsár
Lúxemborg	EUR	40.000	0,5 námsár

Malta	EUR	40.000	
Mexíkó	USD	44.100	0,5 námsár
Mónakó	EUR	40.000	0,5 námsár
Portúgal	EUR	40.000	0,5 námsár
Pólland	EUR	40.000	1 námsár
Rúmenía	EUR	40.000	1 námsár
Rússland	EUR	40.000	1 námsár
Serbía	EUR	40.000	1 námsár
Slóvakía	EUR	40.000	1 námsár
Slóvenía	EUR	40.000	1 námsár
Spánn	EUR	40.000	0,5 námsár
Sviss	CHF	57.700	0,5 námsár
Tékkland	EUR	40.000	1 námsár
Tyrkland	EUR	40.000	1 námsár
Ungverjaland	EUR	40.000	1 námsár
Þýskaland	EUR	40.000	0,5 námsár
Bandaríkin A	USD	44.100	
Bandaríkin B	USD	44.100	
Kanada A	CAD	57.800	
Kanada B	CAD	57.800	
Brasíla	USD	44.100	0,5 námsár
Ekvador	USD	44.100	0,5 námsár
Perú	USD	44.100	0,5 námsár
Síle	USD	44.100	0,5 námsár
Filippseyjar	USD	44.100	0,5 námsár
Íran	USD	44.100	1,5 námsár
Ísrael	EUR	40.000	1,5 námsár
Japan	JPY	4.560.000	1,5 námsár
Kína	USD	44.100	1,5 námsár
Malasía	USD	44.100	1,5 námsár
Sam. arabísku fur.	USD	44.100	1,5 námsár



Singapúr	USD	44.100	1,5 námsár
Suður-Kórea	USD	44.100	1,5 námsár
Tæland	EUR	40.000	1,5 námsár
Ástralía	AUD	62.100	
Nýja-Sjáláland	AUD	62.100	

Fylgiskjal IV

Lán sem sjóðurinn hefur veitt

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgreiðsla hefst m.v. námslok	Endurgreiðslu tími	Gjalddagar
M	1952-1961	3,50%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóvember
N	1952-1961	3,50%	3 ár	10 ár	1. febrúar og 1. nóvember
M	1961-1967	3,50%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóvember
N	1961-1967	3,50%	3 ár	15 ár	1. febrúar og 1. nóvember
L	1967-1975	5%	5 ár	15 ár	1.júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apríl og 1. nóvember
X*	1976-1982	Verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóvember
T**	1982-1992	Verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. september
R	1992-2005	allt að 3% + verðtryggt	2 ár	óákveðið	1. mars og 1. september
G	2005-	allt að 3% + verðtryggt	2 ár	óákveðið	1. mars og 1. september

(*) Nefnast V-lán eftir sameiningu

(**) Nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst

Skilgreiningar á helstu hugtökum

Afborganir lána: Borgað er af námslánum tvisvar á ári, föst afborgun á fyrri hluta árs og tekjutengd í september. Afborgun reiknast sem hlutfall af tekjum ársins á undan afborgunarári. Þetta hlutfall er 4,75% af R-lánum en 3,75% af S- og G-lánum. Tekjutengda greiðslan er fundin með því að reikna viðeigandi hlutfall af tekjum fyrri árs og draga síðan föstu greiðsluna frá. Það sem eftir stendur er tekjutengda greiðslan. Ef greiðandi er með tekjur undir ákveðnum mörkum reiknast ekki tekjutengd greiðsla.

Ástundunarvottorð: Námsmenn í heilsársnámskeiðum geta sent ástundunarvottorð frá skóla eftir haustönn. Í vottorðinu þarf að koma fram mat skóla á námsframvindu í heilsársnámskeiðum. Að námskeiðinu loknu þarf síðan að koma vottorð um að námskeiðinu hafi verið náð ásamt heildarfjölda eininga.

ECTS-eining: ECTS (European Credit Transfer and Accumulation System) er samræmdur mælikvarði á nám í aðildarríkjum Evrópusambandsins og annarra þátttakenda í Bolognaferlinu. 60 ECTS-einingar jafngilda fullu námsári.

Fjórðungur/önn: Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil, þ.e. haust-, vetrar- og vorönn er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í þrjá fjórðunga (annir) á námsárinu. Sumarönn telst vera fjórði fjórðungurinn.

Fullt nám: Námsmaður telst ljúka fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum á skólaárinu eða 30 ECTS-einingum á misseri.

Grunnframfærsla: Sú fjárhæð sem sýnir lánsþörf námsmanns í leigu-húsnæði á námstíma eins og hún er skilgreind af stjórn sjóðsins.

Lánsáætlun: Eftir að námsmaður hefur sótt um námslán og skilað þeim gögnum sem sjóðurinn hefur óskað eftir, er reiknað út hversu hátt lán viðkomandi á rétt á miðað við tekjur og fjölskylduhagi. Lánsáætlun er birt rafrænt á „Mitt LÍN“ námsmanns og gefur hún kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka námsmanns. Komi í ljós að lánsáætlun byggir á mistökum eða á röngum forsendum miðað við gildandi úthlutunarreglur þess námsárs sem sótt er um lán fyrir áskilur LÍN sér rétt til þess að breyta lánsáætlun til samræmis við þær reglur.

Lokun skuldabréfs: Skuldabréfi er lokað við lok þess tímabils sem námsmaður þiggur námslán, þ.e. við lok síðasta aðstoðartímabils. Vextir reiknast á lánið frá og með lokun skuldabréfs og almennt er miðað við að endurgreiðslur þess hefjist tveimur árum síðar.

Maki: Átt er við aðila sem er í hjúskap eða skráðri sambúð með lántaka.

Sambúð: Sambúð tveggja einstaklinga sem skráðir eru í sambúð samkvæmt þjóðskrá.

Misseri: Ef skólaári er skipt upp í tvö jafnlöng tímabil að jafnaði, haust- og vormisseri er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í tvö misseri. Sumarmisseri telst vera þriðja misserið/önnin.

Námsár: Er almennt 12 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að sumri. Ef námsmaður stundar nám á sumarmisseri tilheyrir það misseri undangengnu námsári. Með námsári er í reglum þessum átt við námsárið 2019-2020.

Námsferill: Námsbraut sem lýkur með tiltekinni prófgráðu. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða prófgráðu.

Námslengd: Réttur námsmanna til námslána er tiltekinn í ECTS-einingum. Hafi námsmaður t.d. lokið 60 ECTS-einingum á skólaárinu og fengið lán fyrir þeim einingum, dragast þær frá þeim einingafjölda sem hann á rétt á lánunum til.

Ofgreidd lán: Ef námsmaður fær afgreitt hærra lán en hann á rétt á, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, fyrirframgreiddra skólagjaldalána, eða ef hann lýkur ekki lánshæfum námsárangri á önninni, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega.

Sérnám: Starfstengt nám sem ekki er kennt á háskólastigi. Nám á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs telst ekki til sérnáms.

Sjálfskuldarábyrgð: Skuldarábyrgð sem er þannig háttáð að ábyrgðarmanni er skylt að greiða skuldina á gjalddaga þótt kröfuhafi hafi engar tilraunir gert til að fá hana greidda hjá aðalskuldara.

Skólaár: Er almennt 9 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að vori. Með skólaári er í reglum þessum átt við skólaárið 2019-2020.

Svigrúm: Möguleg lágmarks námsframvinda og heildarlánstími í tilteknu námi. Er meðal annars átt við fjölda eininga sem heimilt er að lána fyrir.

Umboðsmaður: Námsmenn erlendis þurfa að hafa umboðsmann sem þeir gefa umboð til að sjá um mál sín gagnvart lánasjóðnum. Umboðsmaður þarf að hafa heimilisfang á Íslandi. Námsmaður gefur umboð með því að rita nafn og kennitölu umboðsmanns í umsókn sína. Ef skipta á um umboðsmann skal það gert í gegnum „Mitt LÍN“ eða með því að senda tölvupóst á lin@lin.is. Enginn annar en námsmaður getur tilkynnt sjóðnum um nýjan umboðsmann.

Umframeiningar: Ef námsárangur námsmanns er umfram 30 ECTS-einingar á einhverju misseri skólaársins, þá á viðkomandi rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama skólaárs eða síðar í sama námsferli svo framarlega sem lágmarks árangri námsárs (22 ECTS) sé náð á misserinu.

Undirbúningsnám: Nám til undirbúnings náms á háskólastigi.

Útreikningsmynt: Námslán eru reiknuð í mynt þess lands þar sem námsmaður stundar nám sitt. Í ákveðnum tilvikum er útreikningsmynt önnur en mynt námslands

Helstu breytingar á úthlutunarreglum skólaársins

- Frítekjumark verður 1.330.000 kr. á ári.
- Skerpt er á að réttindi flóttamanna til að fá námslán eru bundin við nám á Íslandi.
- Frestur til að skila inn tekjum erlendis vegna tekjutengdrar afborgunar er stytur.